



MSS26010134

Fundur mannréttindaráðs 22. janúar 2026: Fyrirspurn Samtaka kvenna af erlendum uppruna:

Fyrirspurn Samtaka kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N. um komandi sveitarstjórnarkosningar Árið 2022 var kosningaþátttaka innflytjenda 18,6% samkvæmt Hagstofu Íslands. Óskað er eftir upplýsingum um hvað er Reykjavíkurborg að gera til að:

1. Auka kosningaþátttöku innflytjenda?
2. Miðla þekkingu til innflytjenda á kosningarétti þeirra og atkvæðagreiðsluferli?
3. Auka aðgengi innflytjenda að helstu upplýsingum t.d á auðskildu íslensku máli og/eða ensku?

Hjálagt: Hagtíðindi Hagstofu Íslands um Sveitastjórnarkosningar 14. maí 2022 dags. 4. október 2023



Reykjavík

Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Local government elections 14 May 2022

Samantekt

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 14. maí 2022 og náðu til allra 64 sveitarfélaga landsins. Í 51 sveitarfélagi, þar sem rúm 99% einstaklinga á kjörskrá voru búsettir, var bundin hlutfallskosning. Þar af var sjálfkjörið í tveimur sveitarfélögum þar sem aðeins var boðinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 13 sveitarfélögum þar sem minna en 1% kjósenda var á kjörskrá. Á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 voru 276.593 eða 73,0% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 133.148 (48,1%), konur 128.694 (46,5%) og kynsegin/annað 70 (0,03%) en upplýsingar fengust ekki um kynskiptingu 14.681 (5,3%) þeirra sem á kjörskrá voru. Í kosningunum greiddu atkvæði 173.733 kjósendur í 62 sveitarfélögum eða 62,8% af þeim 276.593 sem voru á kjörskrá. Kosningabátttaka kvenna var meiri en karla og var kosningabátttaka breytileg eftir aldri, meiri á meðal eldri en yngri kjósenda. Bátttaka ungra nýrra kjósenda var 50,6%. Bátttaka innflytjenda var 18,6% en hæst á meðal kosningabærra einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa eða 71,0%. Gild atkvæði voru 169.086. Auðir seðlar voru 3.962 og aðrir ógildir 661 eða samanlagt 2,7% greiddra atkvæða.

Í 53 sveitarfélögum komu fram 179 framboðslistar, þar af var einn listi í boði í tveimur sveitarfélögum og því sjálfkjörið þar. Tala frambjóðenda í sömu sveitarfélögum var 3.208, 1.613 karlar (50,3%) og 1.595 konur (49,7%). Alls voru kjörnir 470 sveitarstjórnarmenn á landinu öllu, 233 karlar eða 49,6% og 237 konur eða 50,4%. Er það í fyrsta sinn sem hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum er hærra en karla.

Úrslit kosninganna 14. maí 2022 skiptist þannig á milli hefðbundinna stjórnmálaflokka í þeim 49 sveitarfélögum þar sem hlutbundin kosning fór fram að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 29,4% atkvæða, Framsóknarflokkurinn 18,4%, Samfylkingin 14,2%, Píratar 5,9%, Viðreisn 4,5%, Vinstrihreyfingin-grænt framboð 3,9%, Miðflokkurinn 2,9%, Flokkur Fólksins 2,5% og aðrir listar þar sem kosning fór fram 18,2% (mynd 1).

Inngangur

Í þessu riti er fjallað um tölulegt efni sem tengjast sveitarstjórnarkosningunum 14. maí 2022. Gerð er grein fyrir kosningabátttöku, tölum um kjósendur og greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar, kjörsókn eftir aldri svo og aðstoð við kosningu. Fjallað er um frambjóðendur og framboðslista. Loks er niðurstöðum kosninganna gerð skil, gildum og ógildum atkvæðum og enn fremur skiptingu atkvæða og kjörinna fulltrúa eftir stjórnmálasamtökum.

MYND 1

Úrslit eftir stjórnmálasamtökum í bundnum kosningum 2022

		Kjörnir fulltrúar				
		Gild atkvæði	Skipting	Alls	Karlar	Konur
Listi	Alls	167.506	100%	401	198	203
B	Framsóknarflokkur	30.897	18,4%	69	34	35
C	Viðreisn	7.611	4,5%	5	1	4
D	Sjálfstæðisflokkur	49.202	29,4...	113	59	54
F	Flokkur fólksins	4.153	2,5%	2	1	1
M	Miðflokkurinn	4.889	2,9%	6	4	2
P	Píratar	9.961	5,9%	4	1	3
S	Samfylkingin	23.786	14,2%	26	14	12
V	Vinstrihreyfingin-grænt framboð	6.544	3,9%	9	1	8
•	Sjálfkjörið	0	0%	10	5	5
•	Aðrir listar	30.463	18,2%	167	83	84

Hagstofa Íslands

Aðstoð við kosningu

Gerðar voru breytingar á kosningalögum með lögum nr. 112/2021 um aðstoð við kosningu sem tóku gildi 1. janúar 2022. Kjósendur, sem lögin taka til, hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Hagstofan óskaði eftir svörum við eftirfarandi spurningum hjá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og hjá sýslumönnum varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar:

1. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar kjörstjóra við kosningu á kjörfundi?
2. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar aðstoðarmanns sem fylgdi kjósanda á kjörstað?

582 kjósendur fengu aðstoð við kosningu

Í heild fengu 582 kjósendur aðstoð við að kjósa (mynd 2). Af þessum hópi fengu 350 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 232 á kjörfundi. Alls fengu 372 kjósendur aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (63,9%) en 210 aðstoð fulltrúa að eigin vali (36,1%). Á heildina litið voru mun fleiri kjósendur sem nú nutu aðstoðar við kosningu en við sveitastjórnarkosningarnar 2018 svo og við forsetakosningarnar 2020.

Kjósendur sem fengu aðstoð við sveitarstjórnarkosningar 2022

	Alls			Utan kjörfundar			Á kjörfundi		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Alls	582	250	333	350	149	201	232	101	132
Aðstoð kjörstjóra /kjörstjórnarmanns	372	155	217	275	114	161	97	41	56
Aðstoð fulltrúa að eigin vali	210	95	116	75	35	40	135	60	76

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt nýjum kosningalögum frá 25. júní 2021 á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með skráð lögheimili í sveitarfélaginu kosningarétt við sveitarstjórnarkosningar.

Einstaklingur er ekki tekinn á kjörskrá í tilteknu sveitarfélagi nema hann hafi verið skráður með lögheimili í því samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 38 dögum fyrir kjördag sem var 14. maí.

Viðmiðunardagur kjörskrár var því 6. apríl 2022. Það er því hin opinbera skráning í þjóðskrá sem gildir. Ekki er hægt að taka mann á kjörskrá í sveitarfélagi hafi honum láðst að tilkynna nýtt lögheimili til þjóðskrár Íslands fyrir fyrrgreindan viðmiðunardag kjörskrár.

Kosningaréttur erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi var rýmkaður verulega í nýju lögunum. Norrænir ríkisborgarar öðlast kosningarétt og kjörgengi þegar þeir skrá búsetu í sveitarfélagi. Aðrir erlendir ríkisborgarar öðlast kosningarétt og kjörgengi eftir þriggja ára samfellda búsetu á Íslandi, að öðrum skilyrðum um kosningarétt uppfylltum, sbr. 4. gr. kosningalaga.

Íslenskir námsmenn búsettir á Norðurlöndum þurfa að sækja um að vera teknir á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir áttu síðast skráð lögheimili. Umsóknum skal beina til þjóðskrár Íslands og þurfa umsóknir að hafa borist 40 dögum fyrir kjördag.

Skilyrði um lögræði fyrir kjörgengi í sveitarstjórn hefur verið felld brott í samræmi við kjörgengisskilyrði við alþingiskosningar. Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarétt í sveitarfélagi og hefur óflekkað mannorð, sbr. 6. gr. kosningalaga.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.


Fjöldi kjósenda á kjörskrá samkvæmt kjörskrárstofni sem þjóðskrá lét sveitarfélögum í té þann 6. apríl var 277.127 eða 534 færri en á endanlegri kjörskrá að loknum kosningum.

Kjósendur á kjörskrá

Þegar sveitarfélögin höfðu gert þær breytingar á kjörskrárstofni fram að kjördegi sem þeim var heimilt að gera reyndust 276.593 manns vera á endanlegri kjörskrá, eða 73,0% allra landsmanna. Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 var þetta hlutfall 71,2%. Síðasta stóra breytingin á kosningarétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarétti rýmkaðir.

MYND 3

Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1975-2022



Kosningabátttaka

Kosningabátttaka 62,8%

Í sveitarstjórnarkosningunum 2022 greiddu 173.733 kjósendur atkvæði í 64 sveitarfélögum eða 62,8% af þeim 276.593 sem voru þar á kjörskrá. Í tveimur sveitarfélögum, Tjörneshreppi og Sveitarfélaginu Skagaströnd, var einn listi í framboði og hann því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Kosningabátttakan var 4,4 prósentustigum minni en árið 2018 þegar hún var 67,2% en lengst af hefur hún verið á bilinu 80–88% (mynd 3). Mest hefur bátttaka í sveitarstjórnarkosningum orðið 87,8%, árið 1974.

Kosningabátttaka kvenna meiri en karla

Í kosningunum 2022 greiddu 79.850 karlar, 83.053 konur og 47 kynsegin/annað atkvæði. Hins vegar fengust gögn ekki kyngreind frá tíu sveitarfélögum og því vantaði kyngreiningu á 10.783 einstaklinga sem atkvæði greiddu. Voru karlar 46,0% þeirra sem greiddu atkvæði, konur 47,8%, kynsegin 0,03% og kyn óþekkt 6,2%. Kosningabátttaka karla var 60,0% (66,5% árið 2018) og kvenna 64,5% (68,8% árið 2018). Hefur kosningabátttaka kvenna verið meiri en karla í sveitarstjórnarkosningum allt frá 1994 og í alþingiskosningum allt frá 1995. Við forsetakjör hefur bátttaka kvenna einnig verið meiri en karla frá árinu 1980. Áður var kosningabátttaka karla ávallt meiri en kvenna.

Kjörsókn eftir aldri

Eins og getið er nánar um á blaðsíðu 17 aflaði Hagstofa Íslands upplýsinga um kjörsókn eftir aldri við sveitarstjórnarkosningarnar frá yfirkjörstjórnnum á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Óskað var eftir upplýsingum um alla kjósendur.


Þátttakan eykst með hækkandi aldri

Kosningaþátttakan við sveitarstjórnarkosningarnar var breytileg eftir aldri en jókst almennt með hækkandi aldri (mynd 4). Hún var minnst hjá aldurshópnum 25–29 ára (44,3%) og næst minnst hjá 20–24 ára (45,0%). Athygli vekur að á meðal nýrra ungra kjósenda í aldursflokknum 18-19 ára var kosningaþátttakan nokkru meiri eða 54,5%. Hæst var hlutfallið hjá 70–74 ára (80,1%) en lækkaði síðan með hækkandi aldri úr því. Þróunin var svipuð hjá körlum og konum hvað þetta varðar en meiri þátttaka var á meðal kvenna en karla fram til 70–74 ára aldurs þegar þetta snerist við og þátttaka karla meðal þeirra eldri var meiri en kvenna.

MYND 4

Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir aldri og kyni



Hagstofa Íslands


Kosningaþátttaka eftir bakgrunni

Í fyrsta sinn síðan Hagstofa Íslands hóf miðlun kosningaskýrslna er nú gerð greining á bakgrunni þeirra sem tóku þátt í sveitarstjórnarkosningunum 2022. Kosningaþátttakan var mest á meðal kosningabærra einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa eða 71,0% (mynd 5). Næstmest þátttaka var hjá þeim sem eru fæddir erlendis en báðir foreldrar fæddust á Íslandi (65,7%). Kosningaþátttakan var minni hjá einstaklingum sem fæddir eru á Íslandi með annað foreldri sem fæddist erlendis (54,8%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis með annað foreldri erlent (45,4%). Minnst var kosningaþátttakan hjá þeim sem fæddust á Íslandi en með báða foreldra sem fæddust erlendis (32,3%) og á meðal innflytjenda eða 18,6%. Innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.

MYND 5

Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir bakgrunni og kyni



Hagstofa Íslands


Kjörsókn eftir stærð sveitarfélaga

Af einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan minnst í Reykjanesbæ 47,4% en mest í Húnavatnshreppi 87,4%. Almenna reglan reyndist einmitt vera sú að því fámennara sem sveitarfélagið er því meiri var bátttakan (mynd 6). Þannig var hún hæst á meðal sveitarfélaga þar sem íbúafjöldinn var 999 eða færri eða 75,1%. Kjörsóknin var litlu minni eða 73,3% í sveitarfélögum með 1.000 – 1.999 íbúa og 71,7% í sveitarfélögum með 2.000 – 4.999 íbúa. Bátttakan minnkaði töluvert í stærri sveitarfélögunum og var komin niður í 63,9% í sveitarfélögum með 5.000 – 9.999 íbúa og fór niður í 59,4% í stærstu sveitarfélögunum með 10.000 – 99.999 íbúa. Einungis eitt sveitarfélag er með 100.000 íbúa og fleiri en það er Reykjavík og þar var kosningabátttakan heldur meiri en í næstfjölmennasta flokknum eða 60,8%.

MYND 6

Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir kyni og stærð sveitarfélaga



Hagstofa Íslands

13,8% atkvæða utan kjörfundar


Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða getur ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samanber 67. greinar kosningalaga (XII. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar).

Af þeim sem greiddu atkvæði í sveitarstjórnarkosningunum 2022 skiluðu 23.950 manns atkvæði sínu utan kjörfundar eða 13,8% kjósenda (mynd 7). Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 var hlutfallið 12,2%. Fleiri konur en karlar greiddu atkvæði utan kjörfundar, 15,0% á móti 14,3% karla. Hlutfall kynsegin/annað reyndist vera örlitlu lægra eða 12,8%. Hæst var hlutfall utankjörfundaratkvæða í Reykjavíkurborgardæmi, 16,2%, en lægst 10,0% í Suðurborgardæmi. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af kjósendum á kjörskrá var 8,7%.

MYND 7

Greidd utankjörfundaratkvæði í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir kyni og kjördæmum



Hagstofa Íslands


Kosningabátttaka minni í bundnum en óbundnum kosningum

Kosningabátttaka var á heildina lítið minni í bundnum listakosningum árið 2022 en óbundnum kosningum eins og raunin var í kosningunum 2018. Var kosningabátttakan 62,8% í sveitarfélögum þar sem bundnar hlutfallskosningar fóru fram en 66,2% þar sem kosning var óbundin. Þess ber þó að geta að einungis 2.469 einstaklingar voru á kjörskrá þeirra sveitarfélaga sem buðu upp á óbundna kosningu 2022 og fækkar þeim með hverju árinu en sami fjöldi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018 var 2.536.

MYND 8

Frambjóðendur í bundnum kosningum sveitarstjórna 2006-2022

Eftir kyni




Hagstofa Íslands

Frambjóðendur í bundnum kosningum sveitarstjórna 2022

Eftir stjórnmálasamtökum og kyni

■ Karlar ■ Konur



Framboðslistar og frambjóðendur

179 framboðslistar í 54 sveitarfélögum

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 voru lagðir fram 179 framboðslistar í 54 sveitarfélögum en í kosningunum 2018 komu fram 198 framboðslistar í 56 sveitarfélögum. Í tveimur sveitarfélögum, Tjörneshreppi og Sveitarfélaginu Skagatrönd, kom aðeins einn listi fram og varð hann því sjálfkjörinn án kosningar í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Flestir urðu listarnir 11 í Reykjavík, og 9 á Akureyri en algengast var að tveir eða þrír listar væru boðnir fram.

Listabókstafir – undantekningar

Í töfluverki Hagstofunnar er sýnd tala framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga og fyrir þau stjórnmálasamtök sem buðu fram á fleiri en einum stað og/eða eiga fulltrúa á Alþingi. Þau samtök sem hér um ræðir eru Framsóknarflokkurinn (B), Viðreisn (C), Sjálfstæðisflokkurinn (D), Flokkur fólksins (F), Miðflokkurinn (M), Píratar (P), Samfylkingin (S) og Vinstrihreyfingin – grænt framboð (V). Í þessari samantekt er listabókstafur látinn ráða hvaða listar teljast til hvers samtaka ef um viðbót við flokksheiti er að ræða. Í fáeinum tilvikum eiga listabókstafir ekki við um þau stjórnmálasamtök sem bókstafurinn vísar almennt til. Í slíkum tilvikum teljast framboðslistarnir til „annarra lista“ í samantektinni og víðar eftir því sem við á. Þá eru dæmi um að stjórnmálasamtök séu í samstarfi við aðra aðila og bjóði fram undir öðrum listabókstaf en sínum eigin.

Fram komu 109 framboðslistar samanlagt með listabókstafina B, C, D, F, M, P, S, og V sem höfðu skírskotun til viðkomandi stjórnmálasamtaka ásamt 70 öðrum listum. Framsóknarflokkurinn (B) bauð fram í 26 sveitarfélögum, Viðreisn (C) í fimm, Sjálfstæðisflokkurinn (D) í 35, Flokkur fólksins í þremur, Miðflokkurinn í 11, Píratar í sex, Samfylkingin (S) í 12, og Vinstrihreyfingin – grænt framboð (V) í 11 sveitarfélögum.

11 framboðslistar í Reykjavík og 8 í Hafnarfirði

Á höfuðborgarsvæðinu komu fram alls 44 listar í 7 sveitarfélögum. Í Reykjavík voru 11 framboðslistar og 8 í Hafnarfirði. Í Kópavogi og Mosfellsbæ voru 7 framboðslistar í hvoru sveitarfélagi en 5 listar í Garðabæ. Á Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi komu fram 3 listar í hvoru sveitarfélagi.

Framboðslistar utan höfuðborgarsvæðis flestir 9 á Akureyri

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með 1.000 íbúa eða fleiri komu fram 106 listar í 30 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Akureyri, voru 9 listar í boði en 7 í Reykjanesbæ. Sex listar voru í Grindavík en 2–5 listar í öðrum sveitarfélögum.

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa komu fram 26 listar í 13 sveitarfélögum. Voru tveir til þrír listar í hverju þeirra en algengast var að tveir listar væru í boði.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með íbúa undir 300 voru þrjú sveitarfélög með einn lista hvert og eitt með þrjá lista.

Fleiri karlar en konur í framboði

Við sveitarstjórnarkosningarnar 2022 voru alls 3.208 manns á framboðslistum, 1.613 karlar eða 50,3% og 1.595 konur eða 49,7%. Er þetta hæsta hlutfall kvenna af frambjóðendum við sveitarstjórnarkosningar til þessa (mynd 8). Fyrir kosningarnar 2018 voru 3.482 í framboði og voru karlar þá 51,6% frambjóðenda og konur 48,4%. Samhliða fækkun sveitarfélaga síðastliðna þrjá áratugi hefur tilhneiging heldur verið til fækkunar frambjóðenda en í kosningunum 2018 höfðu þeir þó ekki orðið eins margir síðan 1986.

Fleiri konur en karlar voru í framboði í 22 sveitarfélögum af 51

Í tíu sveitarfélögum var fjöldi kvenna og karla á framboðslistum 2022 sá sami en í átta sveitarfélögum árið 2018. Fleiri konur en karlar voru í framboði í 22 sveitarfélögum á árinu 2022 en karlar fleiri en konur í 19 sveitarfélögum. Hæst var hlutfall kvenna í Grímsnes- og Grafningshreppi, 65,0%, en lægst 39,3% í Grundarfjarðarbæ.

Á öllum framboðslistunum voru bæði karlar og konur í framboði. Á 68 framboðslistum voru jafnmargir karlar og konur (77 árið 2018). Hins vegar skipuðu fleiri konur en karlar framboðssætin á 56 framboðslistum en fleiri karlar en konur á 55 listum.

MYND 10

Meðalaldur frambjóðenda í 1. - 3. sæti í sveitarstjórnarkosningunum 2022

Eftir kyni og stjórnálagssamtökum

	Alls	Karlar	Konur
Alls	44,9	46,8	42,7
Framsóknarflokkur (B)	41,9	42,0	41,8
Viðreisn (C)	47,7	48,3	47,2
Sjálfstæðisflokkur (D)	45,4	48,3	42,0
Flokkur fólksins (F)	53,8	53,8	53,8
Miðflokkurinn (M)	48,9	50,4	45,8
Píratar (P)	42,8	45,1	40,9
Samfylkingin (S)	48,9	50,7	45,8
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	43,4	51,3	38,9
Aðrir listar	43,2	44,4	45,6

Efsta sæti lista skipað karli í sex af tíu tilvikum

Röðun frambjóðenda á lista í sveitarstjórnarkosningunum 2022 var þannig að karlar skipuðu fyrsta sæti á 110 listum (61%) og konur á 69 listum (39%). Hins vegar skipuðu fleiri konur en karlar annað sætið eða á 107 listum (59,8%) en karlar á 72 listum (40,2%). Fleiri karlar en konur skipuðu þriðja sætið en fleiri konur en karlar fjórða og fimmta sætið.

Frambjóðendur eftir stjórnmálasamtökum

Skipting frambjóðenda eftir kyni var nokkuð mismunandi eftir stjórnmálasamtökum. Hæst var hlutfall kvenna hjá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði eða 58,0% (mynd 9). Almennt má segja að kynjaskiptingin hafi verið nokkuð jöfn hjá fimm flokkum eða á bilinu 46%-53%. Hlutfallið var 52,7% hjá Samfylkingunni, 50,7% hjá Viðreisn, 49,3% hjá Sjálfstæðisflokknum, 48,4% hjá Framsóknarflokknum og 46,3% hjá Flokki fólksins. Hluttur kvenna á framboðslistum var minni hjá Miðflokki (38,1%).

Meðalaldur frambjóðenda var 45,5 ár


Meðalaldur frambjóðenda á kjördag 14. maí 2022 var 45,5 ár. Meðalaldur karla var 47,0 ár og nokkuð lægri hjá konum eða 44,0 ár. Af stjórnmálasamtökum var meðalaldur frambjóðenda í 1. – 3. sæti hæstur hjá Flokki fólksins (53,8 ár) og Samfylkingunni (48,9 ár) en lægstur hjá Framsóknarflokknum (41,9 ár) (mynd 10). Rúmlega sex af hverjum 10 frambjóðendum í heild var á aldrinum 30–59 ára. Yngstu frambjóðendurnir voru 18 ára en sá elsti 93 ára (mynd 11).

MYND 11

Aldursdreifing frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningunum 2022

Eftir kyni

■ Karlar ■ Konur




Staða frambjóðenda

Á framboðslistum var staða frambjóðenda tilgreind sérstaklega í tilfelli þeirra sem voru annaðhvort aðal- eða varamenn. Af öllum frambjóðendum 765 töldust 740 starfandi og voru störf þeirra flokkuð í níu flokka á grundvelli Ístarf95-starfaflokkunarkerfisins. Aðrir frambjóðendur voru alls 25 og skiptist staða þeirra í fernt; ekki á vinnumarkaði (8) (t.d. öryrkjar, lífeyrisþegar, heimavinnandi, fyrrverandi starfsmenn í tilgreindu starfi), námsmenn (14), atvinnulausir (0) og ótilgreint (3).

MYND 12

Staða frambjóðenda við sveitarstjórnarkosningarnar 2022



Hagstofa Íslands

43,0% frambjóðenda sérfræðingar

Alls störfuðu 329 (43,0%) frambjóðendur sem sérfræðingar og 169 (22,1%) voru stjórnendur og embættismenn. Þriðja stærsta starfsstéttin á meðal frambjóðenda var þjónustu- og verslunarfólk en í henni voru 65 frambjóðendur (8,5%) og sú fjórða algengasta var bændur og fiskimenn (8,4%) (mynd 12).

Þegar hópur 765 starfaflokkaðra frambjóðenda er borinn saman við hlutfallslega skiptingu starfandi af mannfjölda árið 2022 kemur í ljós að hlutfall stjórnenda, embættismanna og sérfræðinga er tvöfalt hærri á meðal frambjóðenda samanborið við sömu flokkun á íslenskum vinnumarkaði. Hins vegar var hlutfall frambjóðenda í flestum öðrum starfaflokkum mun lægra í samanburði við sömu starfaflokka á vinnumarkaðnum.

Hlutfall karla og kvenna sem skráð voru stjórnendur og embættismenn var jafnt hjá frambjóðendum en hlutfall kvenna sem skráðar voru sem sérfræðingar var hærri en karla. Konur voru einnig fjölmennari en karlar á meðal skrifstofufólks sem og hjá þjónustu- og verslunarfólki. Hlutfallið var körlum í vil í flestum hinna flokkanna.

Atkvæðatölur

Hlutfall auðra og ógildra atkvæða

Í sveitarstjórnarkosningunum 2022 voru greidd samtals 173.733 atkvæði, þar af töldust gildir atkvæðaseðlar 169.086. Auðir seðlar voru 3.962 og aðrir ógildir 661, samanlagt 4.623 atkvæði sem svarar til 2,7% greiddra atkvæða (mynd 13). Er þetta lægra hlutfall en í sveitarstjórnarkosningum 2018 (3,0%). Hefur þetta hlutfall að jafnaði verið innan við 2,5% en meðaltal kosninga árána 1950–2006 var 2,1%. Hlutfall auðra og ógildra seðla af greiddum atkvæðum var 3,1% í óbundnum kosningum.

Atkvæði í óbundnum kosningum tæp 1% af atkvæðum í heild

Tæp 99,1% atkvæða í heild voru greidd í sveitarfélögum þar sem kosning var hlutbundin en 0,9% þar sem kosningin var óbundin. Í sveitarstjórnarkosningum 24 árum fyrr eða 1998 voru atkvæði í bundnum kosningum 97% greiddra atkvæða alls og 3% í óbundnum kosningum.

MYND 13

Gildir seðlar, auðir og ógildir í sveitarstjórnarkosningum 2006-2022

	Gildir seðlar	Auðir seðlar	Ógildir seðlar
2006	97,6%	2,1%	0,3%
2010	93,7%	5,7%	0,5%
2014	96%	3,5%	0,5%
2018	97%	2,5%	0,5%
2022	97,3%	2,3%	0,4%

Hagstofa Íslands

Skipting atkvæða eftir stjórnmálasamtökum

Í kosningunum 2022 komu engin ný framboð stjórnmálasamtaka miðað við kosningarnar 2018 (sem buðu fram í fleiri en einu sveitarfélagi og /eða áttu fulltrúa á Alþingi). En á milli kosninganna 2014 og 2018 komu eftirfarandi ný framboð fram: Viðreisn, Miðflokkurinn og Flokkur fólksins. Skiptust atkvæði þannig í þeim 49 sveitarfélögum, þar sem hlutbundin kosning fór fram, að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 29,4% atkvæða, Framsóknarflokkurinn 18,4%, Samfylkingin 14,2%, Píratar 5,9%, Viðreisn 4,5%, Vinstrihreyfingin – grænt framboð 3,9%, Miðflokkurinn 2,9%, Flokkur Fólksins 2,5% og aðrir listar þar sem kosning fór fram 18,2% (mynd 1). Sjálfkjörið var í tveimur sveitarfélögum þar sem einn listi var í boði.

Breytingar urðu á atkvæðahlutfalli til lækkunar frá kosningunum 2018 hjá Sjálfstæðisflokknum, Samfylkingunni, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, Viðreisn og Miðflokknum. Hlutfall Framsóknarflokksins, Pírata og Flokks fólksins jókst. Vægi atkvæða annarra lista en flokkslista fór úr 19,8% í 18,2%.

Kjörnir fulltrúar

Fækkar um 32 kjörna fulltrúa

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2022 voru kjörnir alls 470 aðalmenn í sveitarstjórnir. Sveitarstjórnarmönnum fækkaði í heild um 32 frá 2018 vegna sameiningar sveitarfélaga á tímabilinu. Flestir hafa sveitarstjórnarmenn orðið 1.192 við kosningarnar árið 1982.


Konur í fyrsta sinn fleiri en karlar á meðal kjörinna fulltrúa

Í sveitarstjórnir voru kjörnir 233 karlar, sem svarar til 49,6% sveitarstjórnarmanna, og 237 konur eða 50,4%. Er þetta í fyrsta sinn sem konur eru fleiri en karlar á meðal kjörinna fulltrúa (mynd 14). Hlutfall kvenna hefur smám saman farið hækkandi með hverjum kosningum en það var rúm 47% árið 2018 en 28% rúmum aldarfjórðungi fyrr, árið 1998. Með hliðsjón af stærð sveitarfélaga var hlutur kjörinna kvenna hlutfallslega meiri í stærri sveitarfélögunum en þeim minni.

MYND 14

Kjörnir fulltrúar 1958-2022

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Mikill meirihluti kjörinn í bundinni kosningu

Mikill meirihluti sveitarstjórnarmanna var kosinn af framboðslistum í bundinni hlutfallskosningu eða 401 sem svarar til 85,3% kjörinna fulltrúa. Karlar voru 198, eða 85,0% kjörinna karla, og konur 203 eða 85,7% kjörinna kvenna.

Rúm 12% frambjóðenda hlutu kosningu

Bundnar kosningar voru í 51 sveitarfélagi, þar á meðal í öllum sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri. En auk þess voru 20 sveitarfélög í þessum hópi með mannfjölda undir 1.000. Þess ber þó að geta að í tveimur þessara sveitarfélaga, Tjörneshreppi og Sveitarfélaginu Skagaströnd, var

sjálfkjörið vegna þess að þar kom fram einungis einn framboðslisti. Frambjóðendur í hlutbundum kosningum voru 3.208 og hlutu 401 eða 12,5% þeirra kosningu, 12,3% karla og 12,7% kvenna.


Hlutfall kjörinna kvenna hærra í bundnum en óbundnum kosningum

Þar sem kosning var hlutbundin voru karlar 49,4% sveitarstjórnarmanna (52,4% árið 2018 og 55% 2014) og konur 50,6% (47,6% árið 2018 og 45% 2014). Alls voru kjörnir 69 í óbundinni kosningu, 35 karlar eða 50,7% (56,1% árið 2018 og 62% 2014) og 34 konur eða 49,3% (43,9% árið 2018 og 38% 2014).

MYND 15

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir kyni og aldri



Hagstofa Íslands

Nýkjörnir — endurkjörnir

Af 470 kjörnum fulltrúum í kosningunum 2022 voru 317 nýkjörnir, þ.e. þá var ekki að finna á framboðslista árið 2018 og svarar það til 67,4% kjörinna sveitarstjórnarmanna og 153 voru endurkjörnir eða 32,6%, það er að þá var einnig að finna á framboðslista árið 2018. Í kosningunum 2018 var hlutfall nýkjörinna lægra en þá gildi aðeins önnur skilgreining fyrir nýkjörna. Einstaklingar voru þá skilgreindir endurkjörnir ef þeir höfðu einnig náð kjöri í næstu sveitarstjórnarkosningum á undan. Rúmlega 31% kjörinna karla var endurkjörinn samanborið við 33,3% kvenna og endurnýjun því meiri meðal karla.

Hlutfall nýkjörinna


Endurnýjun sveitarstjórnarmanna þar sem kosning var bundin, var mest í sveitarfélögum með 300-999 íbúa utan höfuðborgarsvæðis (52,6%) en minnst í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri utan höfuðborgarsvæðis. Þess ber þó að geta að einungis eitt sveitarfélag flokkaðist með mannfjölda undir 299 með bundna hlutfallskosningu utan höfuðborgarsvæðisins en það var Tjörneshreppur. Ekki reyndist unnt að kanna hlutfall nýkjörinna þar sem kosning var óbundin.

Hlutfall nýkjörinna í bundnum kosningum af heildarfjölda frambjóðenda eftir landsvæðum var hæst 47,8% á Suðurlandi en lægst 26,5% á Suðurnesjum. Í Reykjavík var hlutfall nýkjörinna 34,8%.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir kyni og stjórnmálasamtökum

Karlar Konur



Stjórnmálaflokkar með rúman helming fulltrúa

Úrslitin í sveitarstjórnarkosningunum 2022, þar sem fram fór bundin hlutfallskosning, urðu þau að rúmur helmingur fulltrúa, eða 234 af 401 (58,4%), var kjörinn af listum stjórnmálaflokkanna (listarnir (B, D, C, F, M, P, S og V) en 167 (40,1%) kjörir af öðrum listum. Kynjaskiptingin var konum í vil á listum stjórnmálaflokkanna átta (50,9%) og það sama átti við um aðra lista þar sem hlutfall kvenna var 50,3%.

Af stjórnmálaflokkunum fékk Sjálfstæðisflokkurinn kjörna flesta sveitarstjórnarmenn eða 113, Framsóknarflokkur 69, Samfylkingin 26, Miðflokkurinn 6, Vinstrihreyfingin-grænt framboð 9, Viðreisn 5, Píratar 4 og Flokkur fólksins 2 (mynd 1). Kjörnir voru alls 167 af öðrum listum og 10 voru sjálfkjörnir.

Flokkslistar með 84,9% atkvæða en 59,8% kjörinna fulltrúa

Samanburður á úrslitum í bundnum kosningum 2022 annars vegar hvað varðar gild atkvæði og hins vegar kjörna fulltrúa gefur til kynna að listar stjórnmálaflokkanna (B, C, D, F, M, P, S og V) hafi fengið 84,9% atkvæða en 59,8% kjörinna fulltrúa og aðrir listar 15,1% atkvæða og 40,1% kjörinna fulltrúa. Rétt er að taka fram að misjafnt var eftir flokkum hve víða þeir buðu fram eða frá því að vera í einu sveitarfélagi upp í 35. Á höfuðborgarsvæðinu voru stjórnmálaflokkarnir með 89,6% atkvæða og 87,3% kjörinna fulltrúa. Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins fengu stjórnmálaflokkarnir 68,5% atkvæða og 53,1% kjörinna fulltrúa.

Meðalaldur sveitarstjórnarmanna 45,0 ár

Meðalaldur kjörinna fulltrúa á kjördag í kosningunum 2022 var 45,0 ár, meðalaldur karla var 47,2 ár og kvenna 42,9 ár. Í kosningunum 2018 voru sambærilegar tölur 46,4 ár fyrir kjörna fulltrúa í heild, 47,9 ár fyrir karla og 44,6 ár fyrir konur (mynd 15).

Meðalaldur fulltrúa sem kjörir voru í hlutbundinni kosningu var 44,6 ár en þeirra sem kjörir voru í óbundinni kosningu, 47,7 ár. Var meðalaldur sveitarstjórnarmanna 47,1 ár á höfuðborgarsvæðinu en 44,6 ár á landsbyggðinni.

Yngstur kjörinna 22 ára en elstur 80 ára

Algengasti aldurshópur kjörinna fulltrúa var 45–49 ár hjá körlum en 40–44 ára hjá konum. Yngstur kjörinna fulltrúa var 22 ára og sá elsti 80 ára.


Kjörnir fulltrúar eftir bakgrunni

Flestir kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar teljast til einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa eða 95,1% (mynd 17). Því næst koma sveitarstjórnarmenn sem tilheyra floknum innflytjendur (1,5%). Fjöldi kosinna fulltrúa var minni hjá einstaklingum sem fæddust á Íslandi en með annað foreldri fætt erlendis (1,3%) og hjá þeim sem fæddust erlendis en báðir foreldrar fæddust á Íslandi (1,3%). Færri reyndust í floknum fæddir erlendis með annað foreldri fætt erlendis (0,9%) og engir kjörnir fulltrúar tilheyrðu flokkunum fæddir á Íslandi með báða foreldra fædda erlendis (önnur kynslóð innflytjenda).

MYND 17

Kjörnir fulltrúar og frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum 2022

Eftir bakgrunni



Hagstofa Íslands

Þegar hópur kjörinna fulltrúa er borinn saman við hlutfallslega skiptingu heildarmannfjöldans eftir innflytjendastöðu árið 2022 kemur í ljós nokkur munur á milli mismunandi flokka. Þannig var hlutfall einstaklinga með engan erlendan bakgrunn 95,1% á meðal kjörinna fulltrúa en 74,8% fyrir heildarmannfjöldann. Að sama skapi var hlutfall innflytjenda á meðal kjörinna fulltrúa eingöngu 1,5% samanborið við 16,3% fyrir mannfjöldann í heild árið 2022.

Um gögnin

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 126. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 112/2021 er sérstakur kafli um hagskýrslugerð þar sem meðal annars kemur fram að Hagstofunni sé heimilt að vinna upplýsingar um kosningar, aðstoð á kjörstað og kjörsókn eftir kyni, aldri, ríkisfangi, búsetu og öðrum þeim breytum sem varpað geta ljósi á kjörsókn og framkvæmd kosninga.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 14. maí 2022 lét Hagstofa Íslands kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum tóku yfirkjörstjórnir einstakra sveitarfélaga saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar og liggur til grundvallar þessu riti.

Upplýsinga aflað um aðstoð við kosningu

Hagstofa aflaði jafnframt upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Alþingi samþykkti 16. maí 2014 þingsályktun (númer 33/143) um að fela forsætisráðherra að hlutast til um að Hagstofa Íslands kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014. Að fengnum tilmælum forsætisráðuneytis vorið 2014 ákvað Hagstofan að standa að úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga eftir aldri til viðbótar hefðbundinni gagnasöfnun við sveitarstjórnarkosningarnar vegna kosningaskýrslna stofnunarinnar.

Með vísan til áður nefndrar þingsályktunar sendi Hagstofa nú við sveitarstjórnarkosningar eins og við forsetakjör 2016, alþingiskosningar 2017 og alþingiskosningarnar 2021, rafræn skráningarskjöl til yfirkjörstjórna kjördæma með ósk um að þau yrðu fyllt út að kosningum loknum og send Hagstofu rafrænt. Leitast var við að minnka svarbyrði kjörstjórna og að hafa persónuverndarsjónarmið í fyrirruði við söfnun upplýsinga og úrvinnslu.

Nokkur skekkja reyndist vera í kjörsókn eftir aldri þegar þær voru bornar saman við grunnskýrslur frá yfirkjörstjórnnum hvað kosningaþátttöku varðar. Þannig reyndist kosningaþátttakan eftir aldri vera 0,5% lægri yfir landið í heild en hún í raun var miðað við grunntölur frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga. Munaði þar mestu um skekkju í tölum frá sveitarfélaginu Hornafirði en þar reiknaðist kosningaþátttakan eftir aldri vera 0,6% hærrí en hún í raun var miðað við grunntölur yfirkjörstjórna. Örlitlu minni skekkja reyndist vera á Vopnafirði (-0,5%), í Fjallabyggð (-0,4%), Reykjavík (-0,3%), Svalbarðsstrandarhreppi (-0,3%), Strandabyggð (-0,3%) og Rangárþingi eystra (0,3%). Sama skekkja er undirliggjandi í gögnum um kosningaþátttöku eftir bakgrunni.

Hagstofa Íslands fékk auk ofangreindra gagna lista yfir frambjóðendur og greinargerð um úrslit kosninganna frá landskjörstjórn vegna skýrslugerðarinnar (sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar/sveitarstjornarkosningar-2022/framkvaemd-kosninga/talning-og-urslit-kosninga/kosningaskyrslur/>).

English Summary

Local government elections took place on 14 May 2022. At that time the total number of municipalities was 64, reduced from 72 in the previous elections of 2018. The number of voters on the electoral roll of the 2022 elections was 276,593, corresponding to 73.0% of the population. This is an increase of 28,650, or 11.6%, from the 2018 elections.

Participation in the elections was 62.8% (67.6% in 2018). Participation was higher for women than for men, or 64.5% against 60.0%. The participation varied by age, it was lower among young voters than the old ones. The participation of new young voters was 50.6% (was 51.5% in 2018). It was 13.6% among foreign citizens with the right to vote, 36.4% of Nordic voters and 12.4% of other foreign voters. Participation was 62.8% in municipalities with proportional voting, while it was 66.2% in municipalities with direct voting. Absentee votes were 13.8% of the votes cast compared with 12.2% in the 2018 elections.

Thirteen municipalities, with less than 1% of the total number of voters, had direct voting, while 51 municipalities, with more than 99% of voters, had proportional voting. Of these, 179 candidate lists were presented for election, including two lists that were elected without a ballot as they were unopposed in the respective municipality. There were up to eleven candidate lists presented in a municipality but most common were two to four lists.

There were 3,208 candidates on the 179 lists, 1,613 men (50.3%) and 1,595 women (49.7%). All lists were comprised of both men and women. Women outnumbered men on 56 lists while men outnumbered women on 55 lists. The number of men and women was equal on 68 lists.

Of the 173,733 votes cast there were 3,957 blank votes and 661 were deemed void, totalling 2.7%. This share of blank and void votes was less than in the elections 2018 (3%). The number of valid votes was 169,086.

Local government elections differ from general elections in that the candidate lists are often non-party political or joint lists of two or more parties. Comparison of results between municipalities or between election years is therefore difficult. A total of 470 representatives were elected to a total of 64 local councils in 2022, 233 men (49.6%) and 237 women (50.4%). In 2018 the total number of representatives was 502 in 72 municipalities. In municipalities with proportional voting in 2022, women were 50.6% of the total number of representatives while in municipalities with direct voting 49.3% of the total were women. Of the candidates in proportional elections, 14.7% were elected, 15.0% of male candidates and 14.3% of female candidates. Women outnumbered men in 32 councils and likewise men outnumbered women in 32.

The 40–49 year old age group had the highest number of elected council representatives. The mean age of representatives was 45.1 years, 47.2 years for men and 42.9 years for women. Among the representatives elected in 2022, 32.6% had also been elected in the 2018 elections. This rate was close to 32% for men and 33% for women. Of proportionally elected representatives 37.7% were re-elected.

FIGURE 1

Results in proportional voting 2022


by political organizations

List	Total	Valid votes	Percent	Elected total	Elected males	Elected females
B	Progressive Party	30.897	18,4%	69	34	35
C	Reform	7.611	4,5%	5	1	4
D	Independence Party	49.202	29,4%	113	59	54
F	The People's Party	4.153	2,5%	2	1	1
M	Miðflokkurinn The Centre Party	4.889	2,9%	6	4	2
P	Píratar Pirate Party	9.961	5,9%	4	1	3
S	The Social Democratic Alliance	23.786	14,2%	26	14	12
V	The Left-Green Movement	6.544	3,9%	9	1	8
•	One list, no voting	•	•	10	5	5
•	Other candidate lists	30.463	18,2%	167	83	84

Statistics Iceland

FIGURE 3

Participation in local government elections 1975-2022



Statistics Iceland

FIGURE 2

Voters receiving assistance with voting in local government elections 2022


	Total			Pre-election voting			Voting at voting station		
	Total	Males	Females	Total	Males	Females	Total	Males	Females
Total	582	250	333	350	149	201	232	101	132
Assistance of an election official	372	155	217	275	114	161	97	41	56
Assistance of a person of own choice	210	95	116	75	35	40	135	60	76

Statistics Iceland

FIGURE 4

Participation in local government elections 2022

By age and sex




Hagstofa Islands

FIGURE 5

Participation in local government elections 2022

By origin and sex

■ Total ■ Males ■ Females




Hagstofa Islands

FIGURE 6

Participation local government elections 2022

By size of municipality and sex

■ All ■ Males ■ Females




Statistics Iceland

FIGURE 7

Absentee votes cast in local government elections 2022

By sex and constituencies




Statistics Iceland

FIGURE 8

Candidates (proportionally voted) in the local government elections 2006-2022

By sex




Statistics Iceland

FIGURE 9

Candidates (proportionally voted) in the local government election 2022

By political organizations and sex




Statistics Iceland

FIGURE 10

Average age of candidates in 1st-3rd place on lists in the local government elections 2022

By political organization and sex




Statistics Iceland

FIGURE 11

Candidates in local government elections 2022

By sex and age




Statistics Iceland

FIGURE 12

Occupations of candidates in the local government elections 2022


By sex and age



Statistics Iceland

FIGURE 13

Valid, blank and void ballots in local government elections 2006-2022




Statistics Iceland

FIGURE 14

Representatives in local government elections 1958-2022

By sex




Statistics Iceland

FIGURE 15

Elected representatives in local government elections 2022

By sex and age




Statistics Iceland

FIGURE 16

Elected representatives in local government elections 2022

By sex and political organizations




Statistics Iceland

FIGURE 17

Candidates and elected representatives in the local government elections 2022

By sex and origin



Statistics Iceland

Hagtiðindi

Kosningar

Statistical Series

Elections

108 árg. ♦ 6. tbl.

4. október 2023

ISSN 1670-4770

Umsjón Supervision

Brynjólfur Sigurjónsson ♦ Brynjólfur.Sigurjonsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.